

Pabbi passar Pascal Pinon

Pær Jófríður og Ásthildur Ákadætur skipa dúettinn Pascal Pinon, sem sendi nýverið frá sér plötuna Twosomeness, en þær taka pabba með í tónleikaferðir.

„Við tókum plötuna upp tvisvar,“ segir Jófríður Áka-dóttir, annar helmingur dúettsins Pascal Pinon, en sveitina skipar hún ásamt tvíburasystur sinni, Ást-hildi. „Við létum útgáfufyrirtækið hafa plötuna en vorum hvattar til þess að taka hana upp aftur, og þá með upptökustjóra.“

Systurnar fengu því upptökustjóran Alex Somers til liðs við sig og með honum hljóðrituðu þær plötuna upp á nýtt í heimastúdíói á Bergstaðastræti. „Við byrj-uðum að taka upp sumarið 2011 en svo var platan í bið-stöðu allan síðasta vetur. Alex var upptekinn og við vorum í skólanum og svona.“

Hljómsveitin spilar á Eurosonic-hátíðinni, sem

fram fer í Hollandi í næstu viku, en stúlkurnar geyma stórar tónleikaferðir til betri tíma á meðan þær stunda nám við Menntaskólann í Hamrahlíð. „Við tókum stuttan túr núna í febrúar, en það er allt og sumt sem skólinn leyfir í bili. Við tókum örugglega lengri ferð í maí, þegar við erum komnar í frí,“ segir Jófríður, en þær Ásthildur fara með föður sínum, blás-aranum Áka Ásgeirssyni, í allar tónleikaferðir.

„Hann er bæði ferðastjóri hljómsveitarinnar og hljóðmaður,“ segir Jófríður, sem viðurkennir fúslega að pabbi passi þær systur á ferðalögum. „Þessu popp-stússi fylgir ýmislegt vafasamt en hann gætir okkar vel.“



PASCAL PINON Systurnar spila á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DOWNLOAD: <https://timudi.com/293iqm>

Download



7c23cce9bc

Related links:

[W L fe Full Movie In Italian Free Download Hd 720p](#)
[wii monster hunter 3 tri iso](#)
[Epson Adjustment Programme](#)
[One Piece Pirate Warriors 2 Pc Registration Code Downloadl](#)
[Star Conflict: Sirius pack Download crack cocaine](#)